

Aðalfundur Samtaka Jákvæðs aga á Íslandi haldinn í Naustaskóla 16. mars 2019

Mættir til fundar eru 19 félagsmenn auk stjórnar.

Ágúst býður fólk velkomið og byrjar á að biðja fólk að kynna sig.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ágúst kjörinn fundarstjóri og Aníta fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar

Ágúst fer yfir skýrslu stjórnar. Samtökin voru stofnuð með því að auglýsa eftir stofnfélögum og skipuð var bráðabirgðastjórn sem gekk frá formsatriðum eins og að semja lög, fá kennitölu og stofna bankareikning, koma á samskiptum við samtökin í Bandaríkjunum, ganga frá samningi við þau o.fl. Varðandi samstarf samtökin úti þá einkennast þau dálítið af því að þau séu að nokkru leyti í sömu sporum og við þ.e. að mikill vöxtur er í samtökunum og mikil orka og tími fer í að halda utanum þann vöxt. Af þeim sökum ganga öll samskipti frekar hægt. Félagar í okkar samtökum eru sjálfkrafa félagar í PDA samtökunum, þar sem félagið er dótturfélag þeirra samtaka. Félagaskráin er enn í dálitlum ólestri og félagsmenn eru í einstaka tilfellum að fá rukkun um félagsgjöld frá samtökunum úti en eiga ekki að þurfa að borga þau gjöld.

Því næst voru útgáfumál tekin til umfjöllunar. Samtökin eru að sækja um leyfi til þess fá að þýða og gefa út verkefnabækur fyrir grunnskóla og leikskóla. Vonandi fæst niðurstaða í þau mál á næstu vikum. Þegar þetta verður komið á hreint er hugsanlegt að samtökin fái örlytlar tekjur af sölu þeirra, ásamt félagsgjöldum.

Ágúst segir frá heimasíðunni, sem komin er í loftið, það eru smá byrjunarörðugleikar í birtingu síðunnar, en það stendur til bóta.

Félagsmenn í samtökunum eru 57.

Orðið gefið laust.

Spurning hvort birta eigi félagaskrá. Það væri líklega til hægðarauka en athuga þarf þau mál gagnvart persónuverndarlögum.

Spurt var um ferlið við að skrá sig í samtökin. Þegar fólk hefur lokið 2ja daga námskeiði fær það ársaðgang að samtökunum. Eftir það fær það rukkun um félagsgjald og velur hvort það heldur áfram félagsaðild.

Ágúst sýnir heimasíðuna og vekur athygli á skólum sem styðjast við Jákvæðan aga í sínu starfi. Varðandi efni fyrir félagsmenn er það verkefni nýrrar stjórnar að ákveða hvað á að vera aðgengilegt og hvar á að geyma það.

3. Farið yfir lög félagsins eins og þau voru samin til að byrja með.

4. Ársreikningur

Ágúst fer yfir ársreikning samtakanna. Tekjur ársins voru 1.295.226 kr., aðallega er þar um að ræða námskeiðsgjöld frá námskeiði Cheryl Erwin sl. vor. Gjöld voru kr. 1.266.386 kr, aðallega námskeiðskostnaður en einnig stofnkostnaður vegna samtakanna, heimasíðu o.fl. Innistæða í lok árs var kr. 28.840 kr. Rætt var sérstaklega um að samtökin eru ekki að halda námskeið nema þegar erlendir gestir koma. Ársreikningur borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

5. Lagabreytingar

Borin er upp tillaga um breytingar á 7. grein félagsins um fjölgun stjórnarmanna úr þremur í fimm og að í stjórn sitji alltaf að lágmarki 1 stjórnarmaður sem hefur lokið leiðtoganámskeiði (CPDT).

Einnig var borin upp breytingartillaga á 5. grein þannig að aðeins félagsmenn megi greiða atkvæði. Breytingartillögur eru bornar upp og samþykktar.

Greinarnar hljóða þannig eftir breytingar:

5. grein

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega greiða atkvæði á aðalfundi.

7. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni, ritara, gjaldkera og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Að minnsta kosti einn stjórnarmaður á hverjum tíma skal hafa lokið leiðtoganámskeiði á vegum samtakanna (CPDT). Einnig skal kjósa 2 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

6. Ákvörðun félagsgjalds

Stjórn leggur til að árgjald í samtökin verði 6.000,- kr.

Umræður um árgjaldið. Breytingartillaga um að árgjaldið verði 5.000,- kr. Sú tillaga borin upp og samþykkt. Einn á móti.

Umræður um að fleiri nýir stjórnarmenn komi inn. Framboð til aðalstjórnar: Aníta Jónsdóttir, Ágúst Jakobsson, Jónína Hauksdóttir, Helga Jónsdóttir og Hafdís Björg Bjarnadóttir.

Varamenn: Berglind Bergvinsdóttir og Inga Huld Pálsdóttir.

7. Önnur mál

Fjallað um heimsóknir frá útlöndum og tengsl við önnur lönd og aðra skóla í Evrópu. Gott að nýta þau tengsl til þess að fara í skólaheimsóknir og taka á móti öðrum Jákvæðs aga skólum.

Ágúst kallar eftir áhugasömum sem væru til í að koma í hóp til þess að þýða efnið. Kristín Sigurðardóttir gefur sig fram.

Jónína vekur athygli á því að hér á Íslandi séu fjórir kennarar með réttindi, og ekki þurfi alltaf að sækja annað. Bryndís vekur einnig athygli á að Naustaskóli hefur fengið frábæra fyrirlestra frá Helgu og Heiðu á Húsavík.

Fundi slitið 12:14

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir.